

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 15. maí 2007 deiliskipulag Hellnahrauns 2. áfanga, í Hafnarfirði. Deiliskipulagið tekur til iðnaðarsvæðis sunnan Reykjanesbrautar og vestan Krýsuvíkurvegar, um 50 ha. Deiliskipulagið felur í sér þau meginmarkmið að mynda heilsteypt atvinnusvæði úr lóðum af mismunandi stærðum undir iðnað sem ekki er umhverfismengandi í snyrtilegu umhverfi. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 12. júní 2007,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2007